



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

*Fornleifaskráning
vegna breytinga á
aðalskipulagi við
Mjólkárvirkjun*

Margrét Hallmundsdóttir

Ágúst 2024

NV nr. 16-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Maí 2024
Skýrsla nr: 16-24	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin
Upplag: 1	Verkstig:	☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna breytinga á aðalskipulagi við Mjólkárverkjun		Unnið fyrir: Orkubú Vestfjarða
Höfundur: Margrét Hallmundsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning á afmörkuðum svæðum nærri Mjólkárverkjun í Arnarfirði vega breytinga á deiliskipulagi.		
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	3
1.1	Tilgangur fornleifaskráninga	3
1.2	Skráning fornleifa	5
2.	FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	5
2.1	Saga Borgar	7
2.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	8
3.	NIÐURSTÖÐUR	17
4.	HEIMILDASKRÁ	19
5.	KORT	20

1. INNGANGUR

Að beiðni Orkubús Vestfjarða gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna breytinga á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 ofan við Mjólkárvírkjun og á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði í Borgarfirði nærri Mjólkárvírkjun.



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort.

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst

og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Loftmyndir sem notaðar eru frá Loftmyndum ehf sem Náttúrustofa Vestfjarða greiðir fyrir aðgang að.

1.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerðum, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta


þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

1.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3308 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 001

2. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Breytingar á aðalskipulagi taka til tveggja svæða. Annarsvegar uppi á Glámuheiði þar sem fyrirhugað er að stækka lón með breytingu á stíflu og uppsetningu nýrrar smávirkjunar á milli Tangavatns og Hólmavatns. Hins vegar gerð vegs á 700 m kafla út frá slóða sem er við hlið virkjunarinnar neðan við Neðri-Kothjalla við fjöruna og gerð nýrrar bryggju við eystri enda vegarins. Þau svæði kallast K8 og I45.



Breytt skipulag

Teikning 1. Myndin sýnir gróflega staðsetningu þeirra reita sem um ræðir

Hluti sveitarfélagsuppdráttar - sunnan Djúps

Þann 15. júlí var farið inn á Glámuheiði í fylgd Steinars Jónssonar stöðvarstjóra Orkubús Vestfjarða. Ekki var hægt að komast að svæðinu á bíl vegna skemmda í vegi svo gengið var upp að framkvæmdasvæðinu. Svæðið er mjög grýtt svo litlar líkur voru á mannvirkjum

sökum þess að hvorki menn né hestar komast um svæðið. Engin merki um nokkurskonar mannvistaleifar fundust á svæðunum sem skoðuð voru í kring um Tangavatn né þar sem vegur á að liggja.



Mynd 3. Séð yfir svæðið þar sem vegslóði á að liggja. Tekið í N. Ljósmynd MHH.



Mynd 2. Tangavatn, engar minjar fundust á svæðinu. Tekið í A. Ljósmynd MHH

2.1 Saga Borgar

Heimildir um bæinn Borg er fyrst getið í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar, sem talið er að hafi verið rituð um miðja 13. öld og er þar sagt frá atburðum sem gerðust fáum áratugum fyrr. Að sögn höfundar sögunnar bjó þá á Borg frænka Hrafn á Eyri, Ástríður Gunnarsdóttir. Sá hún til ferða Þorvaldar Vatnsfirðings og manna hans er þeir komu „ofan á heiðarbrún í Arnarfjarðarbotni“ í hinni fyrstu aðför Þorvaldar að Hrafn og sendi þá son sinn út að Eyri til fundar við hann „að segja honum mannaferð“.¹

„Jarðadýrleiki xii c., og so tíundast 4 tíundum.“² „Frá Dynjandi til Borgar sem er 12 Hdr. Jörð er mikið löng bæjarleið, tvær hlíðar beggja megin við Meðalnesið, meira en ein míla að lengd. Hún er ekki slæm jörð. Hennar ókostir eru helst illviðri af suðaustri, austri og norðri á fjarðarbotni. Hún er skógar og útigangsjörð.“³ Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið en ávalur hóll stendur þar sem bærinn stóð áður.

Borg í Arnarfirði var að fornu mati talin 12 hundraða jörð.⁴ Séra Sigurður Jónsson á Hrafnseyri segir árið 1839 að þetta sé „ekki slæm jörð“, nægur skógur en heldur lítið um gras.[...] Til hlunninda telur hann silungsveiði í Hófsá, fjallagrös og geitaskófir.⁵

¹ *Sturlunga saga* I. (1988). Bls. 420.

² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 11.

³ *Sóknarlýsing Vestfjarða* II, (1952). Bls. 33.

⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 11.

⁵ *Sóknarlýsing Vestfjarða* II, (1952). Bls. 33.

2.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3308-001

Eldra númer: ÍS-181571-8:015 og 1833-1

Hlutverk: Lending/rudd vör

Tegund: Rutt svæði

Staðsetning: A: 308162N: 591936

Lengd: 20 m

Breidd: 5 m

Staðhættir: Við ströndina um 80 metra norður af núverandi vegstæði er landing. Lendingin snýr nokkurn veginn í norður.

Minjalýsing: Greinilegt er að grjóti hefur verið rutt frá til að auðvelda aðkomu að ströndinni. Svæðið sem myndar landinguna er um 5 m á breidd.



Mynd 4. Lendingin sést vel á myndinni þar sem rudd hefur verið vör fyrir aðkomu báta að ströndinni. Ljósmynd MHH. Tekið í NV.

Númer: 3308-002

Eldra númer: ÍS-181571-8:016 og 1833-2

Hlutverk: Naust

Tegund: Niðurgröftur hleðsla

Staðsetning: A: 308162 N: 591935

Lengd: 3 m

Breidd: 2 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nærri framkvæmdasvæði

Staðhættir: Í fjörunni á móti landingunni er lítið naust.

Minjalýsing: Naustið hefur verið niðurgrafið og sér í tvo stóra steina sem hafa verið hluti af hleðslunni en veggir eru lágir og grónir nema fyrir þessa steina.




Mynd 5. Naustið er lítið og frekar illa farið. Ljósmynd MHH tekið í S.

Númer: 3308-003**Eldra númer:** 1833-3**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Samgöngubót**Staðsetning:** A: 307961 N: 591800**Lengd:** 180 m**Breidd** 1-2 m**Ástand:** slæmt**Horfin:** Að hluta**Hættumat:** ????**Staðhættir:** Um 74 m neðan við núverandi veg um Arnarfjörð, er gamla þjóðleiðin.**Minjalýsing:** Hluti af leiðinni er horfin undir nýjan veg, í dag eru um 180 m eftir sjáanlegir af leiðinni á svæðinu sem var skráð.**Númer:** 3308-004**Eldra númer:** ÍS-181571-8:017 - 1833-4**Sérheiti:** Katrínarrétt**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 308410 N: 592077**Lengd:** 7 m**Breidd:** 7 m**Ástand:** Gott**Horfin:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Fyrirhugaðar framkvæmdir**Staðhættir:** 140 m norður af núverandi vegstæði og 80 m frá lítilli bryggju er grjóthlaðin rétt. Í Örnefnaskrá Borgar segir: „Stór steinn er innan við Innri Sneiðinga ofan við fjöruborð. Hann heitir Katrínarsteinn. Sagt er, að vinnukona hafi alið barn við steininn. Rétt var við hann nefnd Katrínarrétt steinninn hafður fyrir einn vegg (mynd 3). Hún var nærri fallin þegar Ingunn var á Borg, og því ekki notuð“.⁶

Mynd 6. Katrínarrétt þar sem vinnukona ól barn og var réttin nefnd eftir henni samkvæmt örnefnaskrá. Ljósmynd MHH. Tekið í S.

⁶ Örnefnaská Borgar.

Minjalýsing: Rústin er byggð upp við stóran stein sem er um 3,2 m á hæð. Norðurhlið steinsins er tiltölulega slétt og snýr hún inn í rústina. Rústin er með dyr í norður og er innanmál hennar 3 m á breidd og 2,5 m á lengd. Rústin sjálf er hlaðin úr fjörugrjóti og er hleðslan hæst um 1 m og breidd veggja er 1-1/2 m. Utan mál hennar með stóra steininum er 7x7 m.



Númer: 3308-005

Sérheiti: Mjólkárkot ?

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðsetning: A: 309046N: 591985

Lengd: 42 m

Breidd: 35 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Mögulegar framkvæmdir.

Staðhættir: Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Mjólkárkot, fornt eyðiból í Borgarlandi, þar hefur ekki bygt verið frá gamallri tíð, en þó sjást hjer ljós



Mynd 7. Bæjarhóll, mögulega Mjólkárkot. Í fjarska sjást Mjólkáríossar. Bæjarhóllinn er fyrir miðri mynd aðeins ljósari en lynggróðurinn. Ljóm MHH, Tekið í NNA.

byggíngamerki og tóftarrústir, einnig túngarðsleifar. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er uppblásið í lýng og mosa og heyskapur enginn, sem jörðin má án vera.“⁷ Greinilegur bæjarhóll SSV við Mjólkárirkjun, u.þ.b. 600 m frá og aftan við skógrækt. Þarna gæti áður nefnt Mjólkárkot alveg hafa staðið. Miðað við rústirnar sem eru greinilegar á bæjarhólnum þá eru þær sem sjást þó líklega af útihúsum sem mögulega eru yngri en Mjólkárkot.

Minjalýsing: Hóllinn er 35 m frá A-V og 42 m frá N-S. Hóllinn hærri en umhverfið í kring og er grasi vaxinn ólíkt umhverfinu. Í kring um Hólinn eru uppsprettur og litlir lækir. Þessi grasi vaxni hóll hefur greinileg myndast vegna búsetu og er grasið sem enn er til staðar vísbending um þarna hafi verið tún í kring um hús. Umhverfið í kring um bæjarhólinn er hins vegar gróinn stór grýtt urð með lyng gróðri. Ein rúst er greinileg á hólnum og tveir niðurgreftir sem mögulega eru leifar að byggingum.

Númer: 3308-006

Eldra númer: ÍS-181571-8-011

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 309062 N: 591969

Lengd: 13 m

Breidd: 6 m


Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: --


Staðhættir: Á bæjarhólnum [000] er ein mjög greinileg rúst, norðarlega á hólnum.

Minjalýsing: Rústin er flöng og hlaðin úr flötu grjóti úr urðinni í kring. Hún er 13 m á lengd og 6 m á breitt og opin til SV. Rústin er líkleg útihús. Veggir eru um 1 m á hæð og sér í hleðslugrjót í rústinni að innan.



Mynd 8. Rústin var mjög gróin þegar hún var skráð en sér í hleðslur inn í rústinni, Ljósm MHH. Tekið í SSV.

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 10.



Teikning 2. Rúst [...] teikning MHH

Númer: 3308-007

Hlutverk: Óþekkt/bæjarhús ?

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 309062 N:591969

Lengd: 7 m

Breidd: 11 m

Ástand: Slæmt


Horfin: Næstum

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Skógrækt/ framkvæmdir

Staðhættir: Á bæjarhólnum og um 9 m austur af rúst [006] er rúst.

Minjalýsing: Rústin er mjög ógreinileg en virðist mögulega hafa verið tvö rými eða herbergi en er í dag aðeins sýnilegt sem dæld í landslagi. Á gamalli loftmynd má sjá þetta aðeins greinilegra.



Teikning 3. Teikning af niðurgreftinum sem virðist mynda tvö rými

Númer: 3308-008

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 309039, N: 591967

Lengd: 12 m


Breidd: 7m

Ástand: Slæmt

Horfin: Næstum

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Um 4 m frá rúst [006] er mögulega önnur rúst.



Teikning 4. Teikning af rúst [008]. Teikning MHH

Minjalýsing: Ekki er alveg ljóst hvort um rúst er að ræða en þó er líklegt að um mjög ógreinilega rúst sé að ræða. Hún er greinilegri á gamalli loftmynd.

Númer: 3308- 009

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla?

Staðsetning: A: 309031 N:591976

Lengd: 8 m


Breidd: 4,4 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Um 6 m framan við rúst [008] og 7 m framan við rúst [006] virðist vera önnur rúst sem snýr eins og hinar rústirnar og er flöng og opin í NNV. Ekki er fullvíst að um rúst sé að ræða en miðað við að þetta er gamalt bæjarstæði og mjög gróið er það alls ekki ólíklegt.

Minjalýsing: Rústin snýr eins og hinar og virðist vera af flöngu húsi, sem er 8 m á lengd og um 5 m á breidd en veggir eru mjög lágir og ógreinilegir.



Teikning 5. Teikning af rústum og afstöðu þeirra. Rúst [009] er efst. Teikning MHH

Númer: 3308-010

Hlutverk: Óþekkt/útihús ?

Tegund: Niðurgröftur/hleðsla

Staðsetning: A: 309059 N: 591984

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m


Ástand: ????

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Um 11 m SSA af húsi [006] sem er lang greinilegasta rústin á bæjarhólnum er lítil rúst sem er að mestu niðurgröftur


Minjalýsing: Rústin er ferköntuð og veggir eru um 1-2 m en innanmál rústarinnar er aðeins um 2-2.5 m, Hún er með inngang á SV hlið sem snýr að hinum húsunum.



Númer: 3308- 011**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 309036 N: 591959**Lengd:** 12 m**Breidd:** 1 m**Ástand:** Slæmt**Hættumat:** Lítil hætta

Staðhættir: Í Jarðabók Árna og Páls segir „segir: „Mjolkárkot, fornt eyðiból í Borgarlandi, þar hefur ekki bygt verið frá gamallri tíð, en þó sjást hjer ljós byggíngamerki og tóftarrústir, **einnig túngarðsleifar**. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er uppblásið í lýng og mosa og heyskapur enginn, sem jörðin má án vera.“⁸

Minjalýsing: Garðurinn er ógreinilegur en í hálfhring í kring um sunnanvert túnið má greina leifar af túngarði. Hann er um 20-30 cm á hæð og um 1 til 1 ½ m á breidd. Hann mælist um 80 m á lengd. Aðeins mátti greina smá hluta hans í gróðri þegar skráning fór fram en restin er mæld á gömlum loftmyndum.




Teikning 6. Teikning af bæjarhól og túngarður er neðst á myndinni. Teikning MHH,

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 10.

3. NIÐURSTÖÐUR

Alls eru 11 minjar skráðar í þessari skýrslu. Nokkrar þeirra hafa verið skráðar áður vegna vegagerðar árið 2018⁹ og árið 2010¹⁰. Bæjarhóll sem líklega er Mjólkárkot og getið er í *Jarðabók Árna og Páls* var skráður aftur en hafði verið skráður árið 2010¹¹. Fleiri minjar bættust við á þeim bæjarhól en þær sem skráðar höfðu verið árið 2010. Sá hóll er rétt utan við reitinn sem voru til athugunar en var engu að síður mældur inn aftur sökum nálægðar. Aðeins ein fornleif gæti orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og það er hinn svo kallaði *Katrínarsteinn* [004] en lagt er til að hann verið merktur ef framkvæmdir hefjast nálægt honum við gerð bryggju.



Mynd 9. Katrínarsteinn er utan við framkvæmdasvæðið en æskilegt að merkja. Kort MHH

⁹Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur*, Náttúrustofa Vestfjarða.

¹⁰ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, *Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárirkjun*, Náttúrustofa Vestfjarða.

¹¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, *Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárirkjun*, Náttúrustofa Vestfjarða.

Merking á bæjarhólnum við hið meinta Mjólkárkot væri líka æskileg þó hann sé utan við framkvæmdasvæðið.



Mynd 10. Rústir Mjólkárkots eru utan við skipulagsreit sem hér sést efst á mynd en merking þeirra væri æskileg svo framkvæmdaraðilar viti hvar býlið var.

Upp á hálendinu ofan við Mjólkárvírkjun þar sem framkvæmdir við stækkun lóns, stíflu og vegagerð fer fram fundust engar minjar enda hefur svæðið verið nær ófært mönnum og helstum hér áður.

4. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: 1. bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2016). *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur*. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2010). *Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárvírkjun*. Náttúrustofa Vestfjarða.

Örnólfur Thorsson (Ritstj.). (1988). *Sturlunga saga I*. Reykjavík: Svart á hvítu.

Sóknarlýsing Vestfjarða. (1952). *Sóknarlýsing Vestfjarða: Bindi II*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.


Óútgefnar heimildir. Örnefnaskrá Borgar

Örnefnastofnun,

5. KORT



Kort 1. Skipulagsreitir á láglandi við Mjólka. Minjar allar eru staðsettar utan við reitina.



Kort 2 Kortið sýnir vegspotta (700 m) og framkvæmdasvæði á milli Tangavatns og Hólmavatns. Engar minjar fundust upp á hálendinu .

